



## VINNUSKÓLANUM SENN AÐ LJÚKA

Krakkarnir í Vinnuskólanum hafa umnið hörðum höndum síðustu vikur og mánuði. Auk þess að sinna slætti og almennri umhirðu á Svalbarðseyri hafa þau farið í leiðangra, tínt rusl og stungið upp kerfil. Síðustu daga hafa þau einbeitt sér að svæðinu í kringum leikskólann Álfaborg og Valsárskóla og passa uppá að svæðið sé tilbúið þegar nemendur koma tilbaka eftir sumarfrí. Svalbarðsstrandarhreppur þakkar þeim fyrir vel unnin störf og gott samstarf þetta sumarið.



## LOKIÐ HEFUR VERIÐ VIÐ BYGGINGU TJARNATÚNS 4 OG 6

Í byrjun ágúst afhentu ÞJ verktakar á Svalbarðseyri, Svalbarðsstrandarhreppi tvö parhús sem verið hafa í byggingu síðasta árið. Íbúðirnar eru við Tjarnartún 4 og 6 og hafa þegar verið seldar tvær af fjórum íbúðum.



Gert var ráð fyrir að íbúðirnar yrðu afhentar í september þannig að verkið hefur gengið hraðar en gert var ráð fyrir. Á myndinni eru þeir Þorgils Jóhannesson frá ÞJ verktakar og Gestur Jensson oddviti Svalbarðsstrandarhrepps við afhendingu húsanna.

## BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps við Valsárskóla. Það er opið á mánudögum 17:00–19:00, en þess utan er hægt að komast á safnið þegar skrifstofan er opin.

Allir velkomnir að kíkja á safnið.

---

## NÆSTU RUSLADAGAR

- 15. ágúst - Gráa / brúna tunnan
  - 29. ágúst - Gráa / brúna tunnan
  - 5. september - Græna tunnan
  - 12. september - Gráa / brúna tunnan
- 

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 12. september.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 10. september.